

innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Að öðru leyti gildir 27. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 um kærufresti.

VI. KAFLI

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Reglugerðin er sett á grundvelli eftirfarandi ákvæða EES-samningsins, sbr. IV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vöru-lýsingar á heimilistækjum sem greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (til-skipunin er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB á árinu 1994);

2. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EBE frá 27. janúar 1998 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar lampa til heimilisnota (tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB);

3. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/1999 um breytingar á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem fram-kvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun I við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. mars 2000.

Valgerður Svverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

24. mars 2000

Nr. 217

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. apríl 2000 að telja um 0,9% frá því sem þær voru í mars 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. mars 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.